

Samningur milli fjármálaráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins

1. Tilgangur

Í samningi þessum er kveðið á um hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) og samskiptaferli milli hennar og ráðuneytisins er fest í sessi.

Jafnframt er kveðið á um gagnkvæmar skyldur fjármálaráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins við útfærslu á lögbundnu hlutverki og verkefnum stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlunargerð og mati á árangri af starfsemi hennar.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri Framkvæmdasýslunnar né þeim stjórnsýsluskyldum sem ráðherra og stofnunin hafa lögum samkvæmt.

2. Hlutverk

Hlutverk FSR er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

3. Verkefni

Helstu verkefni FSR eru:

- Að fara með stjórn verklegra framkvæmda sem stofnuninni eru falin.
- Að veita ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda og stuðla að faglegum vinnubrögðum.
- Að vinna að frumathugun og áætlunargerð við opinberar framkvæmdir sé eftir því leitað.
- Að samræma form og undirbúa samninga við ráðgjafa og aðra þá sem að áætlunargerð vinna.
- Að undirbúa og annast framkvæmd útboða og samninga við verktaka.
- Að sjá um reikningshald og greiðslur vegna verka nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað.
- Að hafa frumkvæði að útgáfu viðmiðana um stærð rýma og gæði opinberra mannvirkja ásamt því að veita fjármálaráðuneyti ráðgjöf um fasteignamál ríkisins.
- Að veita fjármálaráðuneyti og Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir umsagnir um frumathuganir og áætlunargerð.
- Að sjá um gerð skilamata vegna framkvæmda á vegum stofnunarinnar þar sem fram komi hvernig framkvæmdir hafi tekist miðað við áætlanir ásamt samanburði við hliðstæðar framkvæmdir sé þess kostur.
- Að uppfylla aðrar skyldur sem stofnuninni eru lagðar á herðar samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001 og reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda.

4. Markmið og áherslur

Fjármálaráðuneytið og Framkvæmdasýslan hafa sett sér eftirfarandi markmið og áherslur:

- Að Framkvæmdasýslan sé hágæða þjónustustofnun á sviði opinberra framkvæmda.
- Að Framkvæmdasýslan stuðli að því að ávallt sé gætt hagkvæmni, jafnræðis og faglegra vinnubragða við framkvæmdir á vegum ríkisins og að stofnunin gæti ekki einungis hagsmuna hlutaðeigandi verkkaupa heldur hagsmuna ríkisins í heild.
- Að Framkvæmdasýslan í ráðgjöf sinni til einstakra verkkaupa taki mið af stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum ríkisins um framkvæmda- og eignamál.

- Að Framkvæmdasýslan vinni ávallt að bættu verklagi við opinberar framkvæmdir og stuðli að gerð og útgáfu viðmiðana og leiðbeininga fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir og aðra sem málið varðar.
- Að Framkvæmdasýslan stuðli að þróun íslensks verktaka- og ráðgjafamarkaðar og aukinni samkeppni með verklagi sínu.
- Að Framkvæmdasýslan upplýsi ráðuneyti og ríkisstofnanir reglulega um framvindu verks og fjárhagslega stöðu þannig að verkkaupa sé alltaf ljóst hver staða verkefna er.
- Að Framkvæmdasýslan stuðli að því að gögn, viðmiðanir og leiðbeiningar stofnunarinnar séu aðgengileg með rafrænum hætti og sýni frumkvæði í notkun upplýsingatækni á sínu sviði í samræmi við stefnu stjórnvalda í upplýsingamálum.

5. **Gagnkvæmar skyldur og ábyrgð samningsaðila:**

Framkvæmdasýslan skal:

- Fyrir 30. nóvember 2004 setja fram drög að langtímaáætlun til næstu fimm ára, um helstu verkefni, forgangsröðun og áherslur á tímabilinu 2005-2009.
- Fyrir 30. nóvember 2004 gera jafnréttisáætlun og senda jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins eintak hennar.
- Í desembermánuði ár hvert skila ráðuneytinu ársáætlun fyrir næsta ár sem innihaldi bæði rekstraráætlun og tiltekin markmið og mælikvarða innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.
- Skila í mars ár hvert árangursskýrslu til ráðuneytisins sem gerir grein fyrir árangri í starfsemi stofnunarinnar undanfarið ár með samanburði við þau markmið sem birt eru í ársáætluninni ásamt uppgjöri.
- Gæta hagkvæmni í rekstri ásamt því að gæta þess að ekki verði rekstartap af starfseminni.


Fjármálaráðuneytið skal:


- Leiðbeina stofnuninni um forsendur vegna stefnumörkunar og vekja athygli á laga- og reglugerðarbreytingum er varða starfssvið stofnunarinnar.
- Taka innan 30 daga afstöðu til þeirrar markmiðssetningar, forgangsröðunar og mælikvarða sem fram koma í áætlunum stofnunarinnar og koma sjónarmiðum ráðuneytisins á framfæri vegna þess.
- Setja stofnuninni gjaldskrá að fengnum tillögum stofnunarinnar sem miðast við að þóknun standi undir rekstri hennar.
- Halda fund með forstöðumanni ár hvert í kjölfar þess að stofnunin skilar árangursskýrslu þar sem árangur ársins á undan er ræddur og langtímaáætlun stofnunarinnar skoðuð í því ljósi.

6. **Gildistími**

Samningurinn tekur gildi frá og með deginum í dag. Gildistíminn er fimm ár. Samninginn skal endurskoða ef annar hvor samningsaðila óskar þess. Vinna við endurskoðun samningsins skal hafin a.m.k. þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur.

Reykjavík, 10. september 2004


Geir H. Haarde, fjármálaráðherra


Óskar Valdimarsson, forstjóri FSR